

Hverfisráð Öxarfjarðar

7. fundur

4. desember 2018 kl. 19:30

Skerjakollu Kópaskeri

Mætt voru:

Conny Spandau, Elvar Már Stefánsson, Guðmundur Magnússon, Inga Sigurðardóttir, og Kristín Eva Benediktsdóttir sem ritaði fundargerð

Dagskrá:

1. Charlotta Englund verkefnastjóri Öxarfjarðar kom á fundinn

Hún sagði frá verkefnum sem eru í gangi og hvað er framundan. Hverfisráð lýsir yfir ánægju sinni með fjölda og umfang verkefna sem spennandi verður að fylgjast með.

Nánari upplýsingar á <http://www.atthing.is/samstarfsverkefni/brothaettar-byggdir/oxarfjordur-i-sokn/>

2. Íbúafundur.

Áætlað er að halda íbúafund 21. febrúar en ekki 23. janúar eins og áður var áætlað.

Drög að dagskrá:

- Kynning á starfi Hverfisráðs.
- Charlotta Englund: Kynning á Öxarfjörður í sókn.
- Silja Jóhannesdóttir formaður Skipulags- og framkvæmdaráðs Norðurlþings kemur á fundinn með erindi.
- Kosning í undirbúningshóp vegna sólstöðuhátíðar 2019
- Umræður

3. Snjómokstur á Kópaskeri

Ábendingar hafa komið um að vetrarumhirðu á Kópaskeri sé ábótavant.

4. Póst- og bankþjónusta á Kópaskeri.

Hverfisráði hefur fengið ábendingar um að opnunartími pósthúsins og bankans geri það að verkum að erfitt sé fyrir marga að sækja sér þjónustuna en opnunartíminn er aðeins frá 12-15. Þeir sem eru í vinnu utan Kópaskers eiga erfitt með að nálgast þjónustu þessarra fyrirtækja. Hverfisráð telur að þetta skipti miklu máli fyrir búsetuskilyrði á svæðinu.

5.

Önnur mál.

Næsti fundur Hverfisráðs er áætlaður 14. Febrúar 2019.

Fundi slitið kl. 21:30

Júgusólf Kristín E. v
Elvar Már Stefánsson Guðm. Magnússon
Conny Spandau